

Morgunblaðið

YFIRLIT • TEXTAÚTGÁFA • HLJÓÐMOGGI

MENNING Hugvísindi

Boða leið að lýðræðisumbótum

• Vilhjálmur Árnason er annar ritstjóra bókar um lýðræði •
Rökræðulýðræði leið að betri niðurstöðu • Beint lýðræði svarar ekki ákalli
rannsóknarnefndar • Málefnaleg umræða grundvöllur umbóta

Miðvikudagur, 6. mars 2019



Ritstjórinn „Það er einn prófsteinn á lýðræðissamfélag hvernig viðnám er veitt, svo sem á sviði stjórnmalanna og í fjölmiðlum, gegn framgangi sérhagsmunaaflla,“ segir Vilhjálmur Árnason í samtali um bókina nýju um lýðræði. — Morgunblaðið/Hari

Gunnlaugur Snær Ólafsson

gso@mbl.is

„Við viljum beina umræðunni meira að forsendum þess að styrkja fulltrúalýðræðið og stofnanir þess sem vettvangur pólitískra ákvarðana, eftirlits og stefnumótunar, frekar en að einblína á hráan þátttökuskilning sem hér hefur verið ríkjandi þegar rætt er um að efla lýðræðið,“ segir Vilhjálmur Árnason, prófessor og stjórnarformaður Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands, um bókina Íslenskt lýðræði: Starfsvenjur, gildi og skilningur, sem hann ritstýrir ásamt Henry Alexander Henryssyni, sérfræðingi við Siðfræðistofnun.

Með bókinni er ætlað að boða þessa nálgun að umbótum á sviði lýðræðislegra stjórnarháttá svo hægt verði að endurheimta traust sem glataðist í efnahagshruninu. Benda höfundar meðal annars á að mikil áhersla hefur verið lögð á beint lýðræði í kjölfar hrunsins án þess að tekið hafi verið á þeim undirliggjandi þáttum sem nefndir eru í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. „Við leggjum mikla áherslu á hugtakið skilning sem nefnt er í undirtitlinum. Þegar rætt er um að efla lýðræðið í almennri umræðu er það nánast alltaf skilið á þann hátt að það eigi að auka aðkomu fólks að ákvarðanatöku. Með þessu viljum við beina sjónum að því að það séu aðrir þættir sem þarf að leggja áherslu á,“ segir Vilhjálmur og tekur fram að ferlarnir sem leiða til ákvarðanatöku séu ekki síður mikilvægir en ákvarðanatakan sjálf. Í bókinni er meðal annars talin hætta á að beint lýðræði geti alið á veikleikum íslenskrar stjórnámálamenningar verði ekki gerðar úrbætur hvað skilyrði upplýstrar umræðu varðar og vönduð vinnubrögð við stefnumörkun. „Það er ákveðin spennan milli þess sem rannsóknarnefndin sagði um vanda íslenskra stjórnamála og stjórnsýslu og þess sem gerist í kjölfarið,“ staðhæfir Vilhjálmur, og segir það á margan hátt vera skiljanlegt í ljósi þess að traustið á fulltrúalýðræðinu kolféll með fjármálahruninu.

Tryggja gæði

Bókin, sem er afrakstur rannsóknarverkefnisins Hvað einkennir íslenskt lýðræði? Starfsvenjur, gildi og skilningur, sem styrkt var af Rannís, kynnir nálgun að eflingu lýðræðis á Íslandi sem byggir á ákveðnum hugmyndum um rökræðulýðræði, útskýrir hann. „Það er líka sérstakt í þessari bók að þarna vinnur saman hugvísindafólk sem greinir hugmyndir og sögu þeirra og félagsvísindafólk sem beitir sínum reynsluathugunum. Þetta er ekki algengt í íslensku fræðastarfi að ég held,“ bætir Vilhjálmur við.

Mætti segja að mikilvægur munur á þátttökulýðræði (beinu lýðræði) og rökræðulýðræði sé að hið fyrrnefnda leggur áherslu á beina aðkomu almennings að ákvörðuninni, en hið síðarnefnda á gæði þeirrar ákvörðunar sem er tekin með upplýstri umræðu og vönduðu samráði við þá sem ákvörðunin varðar, útskýrir Vilhjálmur. Þá sé grundvallaratriði að styrkja stöðir faglegra vinnubragða og forsendur málefnalegrar umræðu við stefnumótun. „Þetta snýst um það, hvort sem um er að ræða þátttökulýðræði eða aðra lýðræðislega ákvarðanatöku, hvernig hægt er að bæta gæði stjórnisíðanna,“ segir hann og bendir á að ein forsenda þess að beint lýðræði virki sé að bæta starfshætti fulltrúalýðræðis og skýra tengslin milli fulltrúalýðræðis og þátttökulýðræðis. Vilhjálmur segir það vera flókið viðfangsefni að færa valdið meira til fólksins, einkum ef það eigi að vera í samræmi við ígrundaðan og upplýstan vilja þess.

Veikir lýðræðislegir innviðir

„Hugmyndin var á sínum tíma að móta rannsóknarverkefni í kjölfar skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Í síðfræðihluta rannsóknarskýrslunnar var notað það orðalag að það væru veikir lýðræðislegir innviðir á Íslandi, það hefði skort viðnám gegn fjármagnsöflunum sem fengu mikinn framgang á ýmsum sviðum í aðdraganda efnahagshrunsins 2008,“ segir Vilhjálmur. Það er einn prófsteinn á lýðræðissamfélag hvernig viðnám er veitt, svo sem á sviði stjórnmalanna og í fjölmiðlum, gegn framgangi sérhagsmunaaflla. Hópurinn sem stendur að rannsóknarverkefninu og bókinni var samsettur með hliðsjón af þessu, að sögn Vilhjálms.

Skorturinn á viðnámi er aðeins einn angi málsins, en skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis leggur áherslu á að styrkja ýmsar stöðir eins og að efla ráðuneyti og faglega stjórnsýslu, styrkja eftirlitsstofnanir og bæta vinnubrögð í stjórnmalum, segir prófessorinn. „Þar eru ýmsar hugmyndir um lýðræðisumbætur sem lutu að stjórnisíðum og stjórnkerfi, en það sem gerist eftir hrun er að ríkjandi lýðræðisumræða beinist nær alfarið að því að efla beint lýðræði. Þá hafa verið framkvæmdar margar tilraunir í þá veru, í kringum stjórnarskrá, þjóðfundi og frávísun forsetans á Icesave. Þetta miðar mest að kosningamiðaðri þátttöku, að auka aðkomu borgaranna að ákvörðunum, sem er skiljanlegt í ljósi þess að traustið hrundi á hinum opinberu stofnunum. En við bendum á að við þurfum fyrst og fremst að styrkja stjórnkerfið, fulltrúalýðræðið og stofnanir þess, þá ferla þar sem ákvarðanir eru teknar, styrkja forsendur stefnumótunar og upplýstrar umræðu, ekki síst þá ferla sem gera borgurum kleift að draga kjörna fulltrúa til ábyrgðar,“ útskýrir hann.

„Það þarf að gera ríkar kröfur til kjörinna fulltrúa og embættismanna sem hafa það hlutverk að gæta almannahagsmuna. Ein leið til þess er að styrkja fjölmiðla og aðrar mikilvægar leiðir til að halda borgurunum upplýstum, sem er ein megináskorun lýðræðis í samtímanum.“

Innlegg í umræðu

Höfundar líta þó ekki endilega á bókina sem uppllistun úrlausnarefna, heldur sem mikilvægt innlegg í umræðuna um hvernig skuli efla lýðræðislega ákvarðanatöku og þroska fulltrúalýðræðið og stofnanir þess, að sögn Vilhjálms. „Við teljum að þetta sé annar tónn en sá sem sleginn hefur verið,“ segir hann og bætir við að hægt sé að tryggja meiri gæði pólitískra ákvarðana ef upplýst og málefnaleg rökræða fari fram. „Það eru til alls konar hugmyndir um rökræðuþing og rökræðuhópa og slíkt, en við erum ekki með þá útgáfu af rökræðulýðræðinu, heldur erum við að ræða um að styrkja rökræðustoðir hinna opinberu stjórn mála.“

„Samráð við almenning snýst oft bara um að hlusta á fólk og taka hugmyndir þess alvarlega, en svo er það kjörinna fulltrúa að vinna úr þeim og rökræða þær á forsendum sinna hugmynda um almannahag. Auðvitað eru þær hugmyndir breytilegar en rökræður munu ekki endilega skila hinni einu sönnu hugmynd um almannahag, heldur þeim hugmyndum sem við höfum komist að fyrir tilstilli málefnalegrar umræðu hverju sinni,“ svarar prófessorinn spurður um framkvæmd rökræðulýðræðis.

Auk ritstjóranna tveggja eru átta höfundar og eru þeir Guðmundur Jónsson, prófessor í sagnfræði, Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórn málafræði, Ólafur Páll Jónsson, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Ragnar Karlsson, doktorsnemi í fjölmiðlafræði, Ragnheiður Kristjánsdóttir, dósent í sagnfræði, Salvör Nordal, heimspekingur og umboðsmaður barna, Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, dósent í opinberri stjórnsýslu og stefnumótun, og Þorbjörn Broddason, prófessor í fjölmiðlafræði.

[Morgunblaðið 6.3.19, bls. 30 • Orðafjöldi: 1004 • **PDF-útgáfa**]